

# Nesfréttir

JÚNÍ 2022 • 6. TBL. • 35. ÁRG. • borgarblod.is

Erum einnig á visir.is



## Þór Sigurgeirsson nýr bæjarstjóri



Þór Sigurgeirsson tekur við lyklum á bæjarskrifstofu Seltjarnarness af Ásgerði Halldórsdóttur.

Þór Sigurgeirsson verður bæjarstjóri á Seltjarnarnesi. Hann tekur við af Ásgerði Halldórsdóttur sem látið hefur af störfum eftir 20 ára starf í bæjarstjórn, þar af í 13 ár sem bæjarstjóri.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar var ákveðið að Ragnhildur Jónsdóttir muni gegna embætti forseta bæjarstjórnar og Magnús Örn Guðmundsson verði formaður bæjarráðs. Þór var bæjarfulltrúi Seltjarnarnesbæjar á árunum 2006 til 2010. Hann var enn fremur formaður Umhverfisnefndar og fulltrúi Seltjarnarnesbæjar í stjórn Sorpu bs. Faðir Þórs, Sigurgeir Sigurðsson var sveitar- og bæjarstjóri Seltjarnarness í röska fjóra áratugi og lengst allra sveitarstjórnarmanna. Hann lét af störfum fyrir réttum 20 árum vorið 2002.



**Opið**  
**8-24**  
alla daga  
**Á EIDISTORGI**  
**HAGKAUP**

**Velkomin  
á Grandann**

Nú **sækjum** við og  
**skilum** bílnum



**AFGREIÐSLUTIMI**  
mán. – fös. kl. 8–16:30



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is



**Apótekið þitt  
í hverfinu þínu**  
Héðinshúsinu Seljavegi 2

REYKJAVÍKUR  APÓTEK  
Héðinshúsinu Seljavegi 2 | 522 8400

FAGLEG RÁÐGJÖF • LYF • SNYRTIVÖRUR • HEILSU- & NÁTTURUVÖRUR

# Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

## Leiðari

### Jákvæð framkvæmd

Framkvæmdir við Gróttubyggð hefjast með haustinu. Þar með lýkur tveggja áratuga ferli þar sem margir hafa komið að málum. Komið og farið þar til Já Verk tók byggingarframkvæmdirnar að sér.

Einnig hefur verið deilt um þessa framkvæmd. Mönnum hefur sýnst sitt hverjum um málið. Hvort rétt væri að byggja þarna og einnig hversu hátt og hversu mikið.

Nú liggur fyrir skipulag sem flestir ættu að geta sætt sig við. Blönduð byggð sem fellur vel að viðkvæmu umhverfi í nánd við Gróttu og safnasvæðið á Seltjarnarnesi.

Um 170 íbúðir verða byggðar þegar allt verður komið upp. Þar af um 40 íbúðir í síðari áfanga. Það þýðir fjölgun íbúa um meira en 500 manns.

Gera má ráð fyrir að flestir sem flytja í Gróttubyggðina verði fólk á starfskeiði. Fólk sem greiðir skatta og gjöld til bæjarfélagsins. Einnig fólk með börn og ungmenni sem njóta þurfa skólanna á Seltjarnarnesi.

Bæjarfélaginu er nauðsyn meiri tekna til þess að standa undir lögboðinni þjónustu og öðrum framkvæmdum. Að einhverju leyti munu þær koma frá nýjum íbúum í Gróttubyggð.

Hvernig sem á þessa framkvæmd er litið er hún jákvæð fyrir Seltjarnarnes. Vel heppnuð byggð á einum fallegasta stað á Nesinu. Byggð sem fellur að viðkvæmu umhverfi. Byggð sem fjölgar íbúum og mun létta rekstur bæjarfélagsins.

## Kristjana nýr skólastjóri grunnskólans

Kristjana Hrafnisdóttir hefur verið ráðin skólastjóri Grunnskóla Seltjarnarness frá 1. ágúst 2022. Kristjana hefur starfað við skólann sl. 21 ár og þar af sem aðstoðarskólastjóri frá árinu 2018. Hún á stóran þátt í uppbyggingu skólans og núverandi stöðu skólans.

Kristjana hefur M.Ed.-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði auk þess að hafa viðbótardiplómagráðu í stjórnunarfræði menntastofnana, með áherslu á starfsþróun, skólaþróun og lærdómssamfélög undir faglegri forystu skólastjóra. Í hlutverki aðstoðarskólastjóra skólans hefur Kristjana öðlast góða innsýn í skólastarfið, uppbyggingu þess og skipulag. Hún hefur komið að ákvarðanatökum varðandi flesta



Kristjana Hrafnisdóttir skólastjóri.

þætti starfsins og þekkir vel til starfshátta. Þá hefur hún haft tengsl við samstarfsaðila skólans í áraraðir.



### Erum á Óðinsgötu 1

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid  
Netverslun: systrasamlagid.is



### Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttíngi- og málningarverkstæði með 5 stjörnu gæðavottun frá Bilgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.



Hafðu samband núna

Droghóls 6-8 567-0690 tjon@tjon.is www.tjon.is

### Við þjónustum allar gerðir bíla

#### Tjónaskoðun

Við skoðum bíllinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingarféлага.

#### Rétting og málun

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaeigubíla á staðnum

Vinnum með öllum bílaumboðum

# Ný bæjarstjórn kom saman til fyrsta fundar

Ný bæjarstjórn á Seltjarnarnesi kom saman til fyrsta fundar eftir kosningar miðvikudaginn 8. júní. Á fundinum var meðal annars kosið í embætti forseta bæjarstjórnar, skipað í allar nefndir og ráð og nýr bæjarstjóri kjörinn.

Bjarni Torfi Álfþórsson setti fundinn sem aldursforseti með lengsta setu í bæjarstjórn og bauð bæjarfulltrúa velkomna til fyrsta fundar nýkjörinnar bæjarstjórnar fyrir kjörtímabilið 2022 til. Ragnhildur Jónsdóttir var kjörin forseti bæjarstjórnar og Þór Sigurgeirsson oddviti Sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi var kjörinn nýr bæjarstjóri. Þá var skipað í nefndir og ráð bæjarfélag-sins sem lesa má um á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar. Magnús Örn Guðmundsson og Guðmundur Ari Sigurjónsson voru fjarverandi en Dagbjört Snjólaug Oddsdóttir og Karen María Jónsdóttir sátu fundinn í þeirra stað.



Fv. Ragnhildur Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar, Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri, Bjarni Torfi Álfþórsson, Svana Helen Björnsdóttir, Dagbjört Snjólaug Oddsdóttir, Sigurbóra Bergsdóttir og Karen María Jónsdóttir.

## Kjötkompaní

# GRILLUM OG KJÓTUM

Náðu í þjóðhátíðarsteikina tímanlega því  
lokað er í verslunum okkar 17. júní

📍 DALSHRAUN 13  
Hafnarfirði

📍 BÍLDSHÖFÐI 18  
110 Reykjavík

📍 GRANDACARÐI 29  
101 Reykjavík

☎ 578 9700 ✉ [kjotkompani@kjotkompani.is](mailto:kjotkompani@kjotkompani.is)

📱 [kjotkompani](#) [www.kjotkompani.is](http://www.kjotkompani.is)

# Rúmlega 70% kusu í bæjarstjórnar-kosningunum



Alls greiddu 2.532 atkvæði í bæjarstjórnarkosningunum á Seltjarnarnesi 14. maí sl. Á kjörskrá voru 3.473 og kosningaþátttaka því 73%.

Atkvæði féllu þannig að A listi hlaut 224 atkvæði. D listi hlaut 1.238 atkvæði og S listi hlaut 1008 atkvæði. Auðir seðlar voru 54 og ógildir 8.

Eftirtaldir aðilar hlutu kosningu:

Af D lista: Þór Sigurgeirsson, Ragnhildur Jónsdóttir, Magnús Örn Guðmundsson og Svana Helen Björnsdóttir. Af S lista: Guðmundur Ari Sigurjónsson, Sigurbóra Bergsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson.

## Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimtaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagastýringu?
- » Sjálfvirk greiðslu- og innheimtukerfi?



• EIGNAumsjón

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

# Framkvæmdir við Gróttubbyggð hefast í haust



Á myndinni má sjá hvernig Gróttubbyggð mun líta út þegar framkvæmdum verður lokið. Mikil breyting frá því var og byggðin fellur vel að umhverfinu.

Gert er ráð fyrir að bygging hins nýja hverfis á landi Bygggarða hefjist með haustinu eða í ágúst eða september á þessu ári. Þegar er hafi vinna við undirbúning. Lagningu gatna og ræsa og fyrstu lóðir verða fljótlega tilbúnar. Gert er ráð fyrir að verkið taki allt að fimm ár. Það skiptist í tvo áfanga. Í hinum fyrri verða byggðar um eða yfir 130 íbúðir en gert er ráð fyrir fjórutíu íbúðum í hinum síðari. Hverfið hefur hlotið heitið Gróttubbyggð.

Gróttubbyggð verður reist á gömlu iðnaðarsvæði. Þar voru lengi verksmiðjuhús Borgarplasts, Áhaldahús Seltjarnarnesbæjar sem stóð við Bygggarða 3 og ýmis þjónustufyrirtæki einkum bílaverkstæði og smiðjur. Þessar byggingar hafa verið að víkja og síðast var gamla áhaldahúsið rífið. Hinu megin Bygggarða 3 standa einn nokkur verkstæðishús umkringd bílhraejum sem stinga í stúf við næsta umhverfi, bráðlega nýbyggt íbúðahverfi og einnig Ráðagerði og Gróttu. Áður en hægt verður að hefja framkvæmdir við síðari áfanga Gróttubbyggðar verður að rífa þessar gömlu iðnaðar- og smiðjubyggingar. Í hinni nýju Gróttubbyggð verður að finna fjölbreytileika. Hverfið stendur saman af einbýlum, raðhúsum og fjölbýlishúsum með allt að 24 til 26 íbúðum.

Þessar framkvæmdir eiga sér langan aðdraganda. Ýmsir hafa komið að málum og eigendaskipti orðið. Einnig hefur sitt sýnst hverjum um þessa byggð. Seltirningar ekki verið á einu máli um hvernig henni yrði háttað og jafnvel hvort rétt væri að hún risi. Einkum olli fyrirhuguð hæð húsa deilum á sínum tíma en nú hefur hæð húsa verið bundin við þrjár hæðir. Með Gróttubbyggð er ljóst að íbúum Seltjarnarnesbæjar mun fjölga umtalsvert.

## Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri lætur af störfum

Ásgerður lauk sínum síðasta degi sem bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar þriðjudaginn 31. maí eftir 20 ára starf í bæjarstjórn, þar af í 13 ár sem bæjarstjóri.

Ásgerði voru færðar hugheilar þakkir fyrir óeigingjarnt starf á bæjarstjóra- og stjórnarferli sínum og óskað velfarnaðar í framtíðinni. Hún var að sjálfsögðu kvodd með blómum og góðum gjöfum af samstarfsfólki sínu.



Ásgerður Halldórsdóttir stígur upp úr bæjarstjórnarstólnum:

# Kærar þakkið fyrir góð samskipti!

Sjálfstæðisflokkurinn gekk sameinaður til kosninga á Seltjarnarnesi og náði hreinum meirihluta í bæjarstjórn sem fyrr. Eins og í pottinn er búið í íslenskum stjórnámálum þá er þessi árangur ekkert sjálfgefinn. Ég er afar ánægð með að vel skuli hafa tekist til. Ný forystusveit með breiða skírskotun, er tekin við. Nýr oddviti og bæjarstjóri hefur bæði reynslu og sögulega skírskotun sem gefur honum góða viðspyrnu í ábyrgðarmiklu hlutverki. Ég fagna því líka að í minnihluta Samfylkingar og óháðra er reynt fólk sem kann að veita sanngjarnt aðhald. Það er grónum meirihlutaflakki næstum því jafn mikilvægt og völdin. Í raun sjálfur kjarninn í okkar lýðræðiskerfi.

Ég hef notið þess trausts og trúnaðar að vera bæjarstjóri á Seltjarnarnesi í þrettán ár. Það er og hefur verið skemmtilegt starf. Það er gaman að vinna með fólki sem leggur sig fram af fremsta megni við að þjónusta íbúa. Þannig er starfsfólk Seltjarnarnesbæjar. Ég á eftir að sakna fólksins sem starfar fyrir bæinn, þessa ósérhlífna fólks sem reynir að greiða götu íbúa á allan hátt.

Það hefur líka verið gaman að vera í samskiptum við bæjarbúa í blíðu og stríðu. Þau samskipti hafa gefið mér mikið gegnum árin hvort heldur sem fólk hefur verið að láta í ljós óánægju eða lýsa yfir ánægju sinni. Þannig er það bara að á Seltjarnarnesi býr hreinskiptið og gott fólk sem þægilegt er að umgangast.

Þegar lítið er yfir farinn veg þá er ég stoltust af byggingu hjúkrunarheimilisins Seltjarnar. Það var stórverkefni sem ráðast varð í. Hvert bæjarfélag þarf að hafa slíka þjónustu innan sinna vébanda. Ég er sömuleiðis afar ánægð með hvað vel tókst að stækka íþróttamiðstöðina og byggja nýtt fimleikahús og að ríkið skuli hafa tekið yfir byggingu Lækningaminjasafnisins. Það fær brátt nýtt hlutverk sem Náttúruhús í þeirri náttúru-paradís sem Nesið er og æ fleiri sækja heim til þess að njóta útsýnis og fuglalífs við hafið.

Bæjarfélagið hefur til margra ára stutt vel við Íþróttafélagið Gróttu og það hefur átt sinn þátt í að efla starf félagsins. Sem stuðningskona

Gróttu er ég stolt af öllum iðkendum íþróttar og foreldrum sem standa með félaginu gegnum þykkt og þunnt og hvetja það til dáða.



Ásgerður Halldórsdóttir.

Bæjarstjóra- og oddvita-starf er annasamt og nú gefst væntanlega tími til þess að „gera eitthvað annað“. Og þá er ekki þörf á að sækja vatnið yfir lækinn. Liggur ekki beinast við að við hjónin reynum að lækka forgjöfina í golfi á glæsilega vellinum okkar á Suðurnesi þar sem gaman er að spila? Þar sem annarsstaðar blómstrar mannlífið og verið er að breyta Nesvellinum til þess að tryggja öryggi golfara og bæta aðstöðu fyrir byrjendur.

Ég kveð sátt og ánægð og hlakka til að heilsa uppá bæjarbúa á förnun vegi!

Ásgerður Halldórsdóttir.

## Óskað eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenninga

### Umhverfisnefnd Seltjarnarness óskar eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenninga fyrir sumarið 2022

Umhverfisnefnd Seltjarnarness veitir á hverju ári viðurkenningar fyrir fagra garða, snyrtilegan frágang lóða, eldri uppgerð hús, götur, opin svæði og falleg tré. Bæjarbúar sem vilja koma ábendingum á framfæri er bent á að senda tölvupóst á netfangið [postur@seltjarnarnes.is](mailto:postur@seltjarnarnes.is) eða hafa samband við þjónustuver bæjarins í síma 595 9100 fyrir 1. ágúst 2022.



SELTJARNARNESBÆR  
UMHVERFISNEFND

## Garðar stofnandi Gróttu átræður

Garðar V. Guðmundsson stofnandi íþróttafélagsins Gróttu varð 80 ára 19. maí sl. Garðar lét sér ekki nægja að stofna félagið heldur þjálfaði hann marga yngri flokka félagsins til lengri tíma. Garðar hefur einnig sinnt þjálfun Old Boys Gróttu í þrjátíu og fimm á og gerir enn.

Garðar er víðar kunnur en af áhuga á fótbolta og störfum sínum fyrir Gróttu. Hann hefur meðal annars fengist við dægurlagasöng en hann söng með nokkrum af vinsælustu hljómsveitum gullaldar-tímabils roksins hér á landi.

Garðar er einnig mikill áhugamaður um bíla og þá ekki síst amerískar gerðir enda voru þær vinsælastar og nánast einu flottu bílarnir á yngri árum hans. Nesfréttir senda Garðari bestu kveðjur á þessum tímamótum.



Garðar Guðmundsson var af fyrstu kynslóð roksöngvara hér á landi og þótti sækja stíl sinn til Tommy Steele og Cliff Richards.



Garðar ásamt strákum í Old Boys Gróttu en hann hefur séð um þjálfun Old Boys Gróttu í 35 ár.

## Íslenska fatahönnunarmerkið AS WE GROW flytur á Klapparstíg

AS WE GROW hefur flutt í glæsilega verslun á Klapparstíg 29 þar sem Rakarastofan Klapparstíg var áður til húsa. Hugmyndafræðin gengur út á að hanna og framleiða fallegar, klassískar og vandaðar flíkur sem endast og geta gengið á milli barna og kynslóða.

AS WE GROW er eina íslenska

fatahönnunarmerkið sem hefur hlotið Hönnunarverðlaun Íslands, meðal annars fyrir að byggja á ábyrgum umhverfissjónarmiðum og berjast gegn fatasóun, en flíkurnar eru úr hágæða náttúrulegum hráefnum sem endast vel. AS WE GROW framleiðir í dag fatnað fyrir alla fjölskylduna.



Nesfréttir

Auglýsingasími:  
511 1188



## Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafaryrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málafni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félag eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

[www.grantthornton.is](http://www.grantthornton.is)

## RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)



# HÚSAVIÐGERÐIR.IS

**ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR**

**Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!**

**[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070**



 Finndu okkur á  
Facebook

**Nesfréttir** [www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

ERUM KOMIN  
Í VESTURBÆINN  
J.L.HÚSIÐ



2 FYRIR 1  
ALLA  
ÞRIÐJUDAGA



- skiljum ekkert eftir

- mold
- trjágreinir
- gras
- illgresi og arfi
- blómaafskurður

en ekkert plast - takk!

## Garðaúrgangsgámur

verður til staðar hjá

**ORKUNNI**

**Suðurströnd - Seltjarnarnesi**


allan júnímánuð

NÝTUM **ORKUNA**



**Í að FLOKKA**

  
terra



# 17

## JÚNÍ 2022

Í BAKKAGARÐI



**Skrúðganga fer frá Leikskóla Seltjarnarness  
yfir í Bakkagarð kl. 12.45**

Athugið! Suðurströnd verður lokuð bílaumferð að hluta til, til kl. 16.30





## DAGSKRÁ

### Kl. 10-12 Bátasigling frá smábátahöfninni

Siglingafélagið Sigurfari og Björgunarsveitin Ársæll bjóða börnum í fylgd með fullorðnum upp á bátsferðir frá smábátahöfninni við Bakkavör. Björgunarvesti fyrir alla. Siglingar eru háðar veðurfari.

### Kl. 11.00 Hátíðarguðspjónusta í Seltjarnarneskirkju

Sr. Jón Ásgeir Sigurvinsson, héraðsprestur þjónar fyrir altari. Rótarýmenn taka þátt í messunni og flytur Erlendur Magnússon forseti klúbbsins hugleiðingu. Kaldalónsskálin verður afhent og kaffiveitingar í þjóðhátíðarstíl í safnaðarheimilinu eftir messu.

### Kl. 12.45 Skrúðganga frá Leikskóla Seltjarnarness yfir í Bakkagarð

Lúðrasveit Tónlistarskóla Seltjarnarness og fánaberar í broddi fylkingar ásamt lögreglufylgd.

## DAGSKRÁ Í BAKKAGARÐI HEFST KL. 13.00

**Jón Jónsson** tónlistarmaður kynnir, syngur og skemmtir gestum

**Pór Sigurgeirsson** bæjarstjóri flytur hátíðarávarp

**Fjallkonan 2022** flytur ljóðið Vornótt eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi

**Briet** hin eina sanna syngur nokkur lög

**Ræningjarnir úr Kardimommubænum** kíkja í heimsókn

**Fríðrik Dór** stígur á stökk í öllu sínu veldi

## LEIKTÆKI OG STEMNING FRÁ KL. 13-15 - FRÍTT Í ÖLL TÆKI Í BAKKAGARÐI

Myndaspjöld



### Andlitsmálning

Kandífloss, blöðrur, fánar, þjóðhátíðarnammi, pylsur, popp, kaffi, gos og hvað eina!



# Öflug hjón á Skólabrautinni

**G**uðný Vilhelmina Karlsdóttir oftast kölluð Ninný fæddist í Reykjavík 16. apríl 1922. Hún lést á Hjúkrunarheimilinu Grund við Hringbraut 11. ágúst 2017. Foreldrar hennar voru Þorbjörg Ágústína Eggertsdóttir, f. á Hafursstöðum, Kolbeinsstaða-hreppi og Karl Axel Vilhjálmsson. Ninný giftist 1. nóvember 1941 Ágústi Óskari Sæmundssyni rafvirkjameistara. Foreldrar hans voru Sæmundur Þórðarson frá Fellsmúla í Landsveit, steinsmiður og Guðlaug Jóhannesdóttir frá Eyvakoti á Eyrarbakka. Ninný hefði orðið 100 ára á þessu ári en hún náði 95 ára aldri. Hún lést 1. ágúst 2017. Ninný og Ágúst áttu sér bæði sögu þungrar lífsbaráttu. Sögu fólks sem braust frá erfiðleikum og komu sér vel fyrir. Sonur þeirra Daði Ágústsson rafmagnsverkfræðingur tók saman ágríp úr sögu foreldra sinna í tilefni 90 ára afmælis Ninnýar árið 2012. Veitti hann Nesfréttum góðfúslegt leyfi til þess að nýta það efni eftir því sem kostur var.

Ninný og Ágúst hófu búskap á Framnesveginum í Reykjavík þar sem Guðný átti heimili ásamt móður sinni. Þar fæddust fyrstu þrjú börn þeirra Edda og Daði fæddust heima, en Gústaf á Landsspítalanum. Fyrsta barnið Edda kom í heiminn 20. janúar 1942 og var fædd mánuði fyrir tímenn. Eftir að þeim var sagt upp húsnæðinu hófst nýtt tímabil í lífi þeirra. Erfitt var að fá leigt eða lóð til að byggja á. Þau gátu fengið lóð hjá Hólmi fyrir ofan Geitháls en þau tóku hana ekki. Guðmundur í Hrólfskála á Seltjarnarnesi lét þau þá fá lóð við Skólabrautina. Byrjunin þótti ekki glæsileg. Fólk spurði hvort þau ætluðu að flytja út í sveit. Húsið stendur þar sem eldhús Breska hersins var. Fleiri daga tók að moka fitunni úr skólpörurum. Bretarnir elduðu svo mikið úr feit. Unnið var nótt og dag við bygginguna. Í september stóð á að fá efni í miðstöðina vegna skömmtnarlaganna. Það fékkst þó á endanum og olfukyndingin komst í gangið. Þau fluttu inn í september 1947. Þá var Ninný ólétt af fjórða barninu. „Við unnum vel að uppbyggingu nýja heimilisins okkar. Eg og mamma hnýttum net fyrir Hampiðjuna. Þetta voru vængir og fengum við heilmikla peninga fyrir, sjálfskaparviðleitnin var alltaf til staðar,“ segir Daði.



Ágúst og Ninný með börnum sínum. Myndin er sennilega tekin 1951.

## Bjössi vanilludropi og Rósi

Í ágrípi Daða kemur fram að hjá Ninnýju móður hans sé margs að minnast eftir nær 27 ára starf við verslun. „Ég hafði góða kunna, skólann og Ísbjörninn. Oft gekk mikið á í frímínútum. Sett var lúga á lager vegginn. Það hjálpaði mikið við afgreiðslu.“ Hún minnst einnig sérkennilegra kúnna sem voru nokkuð margir. „Bjössi vanilludropi kom alltaf í kaffitímum og keypti fjögur vanilludropaglós. Hann var bakari að mennt. Hann sturtaði úr glösunum í sig á planinu. Eg spurði hann af hverju hann drykki þetta. Hann sagðist vera nokkurskonar alkóhólisti. En var indæll karl. Allir þekktu Rósa. Hann var afar drykkfellður en aldrei neitt vesen með hann. Hann stóð alltaf í skilum og náði háum aldri þrátt fyrir mikla vinnu og óreglu.“

## Lokaði þegar Vörumarkaðurinn opnaði

Ninný minnst á fleiri. „Sæmi rokk var einstök lögga á Nesinu. Sá um að vökva blómin fyrir mig þegar ég var fjarverandi. Hann var snillingur í að stilla til friðar ef til átaka kom.

Til eru nokkrar sögur af honum þar sem hann kom og allt var logandi í slagsmálum. Hann tók nokkrar rokk-sveiflur og allt féll í dúna logn.“ Ninný segir að nokkrir hafi fengið skrifað í versluninni fram á næsta föstudag sem var útborgunardagur. „Flestir komu í kaffitímanum og gerðu upp. Einn kom og neitaði að borga en vildi samt fá skrifað. Eg neitaði því og fór svo upp eins og venjulega milli eitt og tvö. Þegar ég kom niður aftur var stærðar rotta í kjötfarsbakkanum. Hann var að hefna sín. Sæmi lögga kom og fjarlægði rottuna. Svo gleymdist þetta. Eitt sinn þegar ég kom niður var búið að opna kassann og taka 14.000, krónur.“ Ninný segir frá því að verðlagsstjóri hafi komið reglulega til að fara yfir vöruverð. Eitt skipti hafi hann sest á stól eins og vanalega og farið að hágráta. „Þá hafði lík af syni hans rekið í fjöruna heima á Nesinu. Eg reyndi að hugga hann eins og ég gat. Eg átti góða vini.“ Ninný lokaði versluninni fjórða apríl 1988. „Þegar Vörumarkaðurinn opnaði var ég viss um að ég yrði að loka. Edda dóttir mín hjálpaði mér mikið við lokunina og frágang gagna. Þetta gekk allt upp að lokum og ég fór ósködduð frá þessu.“

## Að duga eða drepast

Ninný fæddist á Óðinsgötunni í Reykjavík 16. apríl 1922. Móðir hennar Þorbjörg Ágústína, oft kölluð amma Gústa, vann fyrir þeim mæðgum við þvotta hjá fína fólkinu eins og það var kallað. Litla stúlkan svaf svo á þvottaborðum sem voru stór tréborð. Það varð að duga eða drepast á þeim tíma. Karl Axel barnsfaðir hennar gekkst ekki við stúlkunni og vildi ekki víta af mæðgunum. Hann var því ekkert inni í myndinni. Foreldrar hans sýndu stúlkunni á hinn bóginn hlýju og kærleika og önnuðust hana hluta úr degi frá tveggja ára til sex ára aldurs. Fyrsta heimili mæðgnanna var á Óðinsgötu. Síðan á Lokastígnum og á fleiri stöðum. Þær þurftu oft að flytja sem var ekki óalgengt á þeim tíma. Ninný mundi fyrst eftir sér á Grundarstígnum. Þær mæðgur Þorbjörg Ágústína og Ninný dóttir hennar fluttu í Vélstjóraháúsið við Framnesveg 42 og bjuggu þar þangað til fjölskyldan flutti á Skólabrautina. Þá var hún gift og þriggja barna móðir.

## Fjögurra ára fyrir bíl

Þegar Ninný var fjögurra ára var ekið yfir hægri fótinn á henni um



**Kirkjubraut 1 sem áður var Skólabraut 1. Þar bjuggu Ninný og Óskar og hún rak verslun á jarðhæð hússins. Nú hefur verið byggt mikið við húsið. Þarna eru nú sex íbúðir þar sem eitt sinn var eldhús breska hersins og síðar heimili fjölskyldu Ninnýjar og verslun.**

miðjan dag. Hún var að leika sér á götunni þegar kemur bíll. Bílstjórinn sem var kallaður Snær Magni var að sækja landa til Sigga Berentz. Hann ók áfram sem ekkert hefði í skorist. Stúlkan var flutt í Svörtu Maríu í Landakot og þar sem Matthías Einarsson læknir tók við henni. Á þeim tíma voru ekki nein röntgentæki. Hann gerði við brotið án þess að hafa meinar myndir af því sem verður að teljast kraftaverk. Í fyrstu var haldið var að taka þyrfti fótinn af en verk Matthíasar lækni var slíkt að þess þyrfti ekki.

### Berentz borgaði undir borðið

Engar tryggingar voru á þessum árum og urðu móðurbræður ömmu, Björn og Óskar að bera ábyrgð á greiðslum fyrir sjúkráhusdölinni. Snær Magni þyrfti aldrei að svara til saka. Þó urðu málaferli. Guðríður, kona Sigurðar Einarssonar Tömmers, horfði á slysið og var látinn sverja eidd að því að hafa séð þennan atburð, en það hafði ekkert að segja. Siggí Berentz var mikill bruggari í Reykjavík

og þekktur okurlánari. Hann borgaði bara undir borðið. Þetta slys sat í Ninný alla tíð. Hvernig þeir gátu sloppið frá sannleikanum.

### Einar dyravörður og Týra Tönn

Ninný fór fluglæs í Miðbæjar-skólann þegar hún var átta ár. Hún kvadst eiga góðar minningar þaðan. Tjörninn hafi verið mikill leikvangur. Freistandi hafi verið að fara út á ísinn þegar Tjörninn var frosin. Hún minnst þess að hafa farið þrisvar og þá varð þögn. Mikil vorkennið ég þeim sem lentu í skammakróknum hjá honum, þeir voru látnir standa úti í horni við stóra ofna þar til tíminn var búinn. Einar var vörður í frímínútum. Hann var mjög stífur. Guðmundur tvinni, teiknikennari var

einnig geysistífur. Hann lét okkur hafa tvinnakefli og maður mótaði línurnar með því og ég mótaði meira að segja hjartalínur með því. Maður fékk mörg högg á puttann því ég var ekki góð að teikna. Ekki má gleyma Týru Tönn, sem var tannlæknir skólans. Allir muna eftir henni. Maður fékk í magann þegar mæta átti hjá henni. Hún var svo mikill fauti blessunin.“

### Sendur með gripalest

Eiginmaður Ninnýjar var Ágúst Óskar Sæmundsson. Hann átti sér ekki síður sögu erfiðleika. Þegar Ágúst var fjögurra ára gerðust atburðir í lífi fjölskyldunnar sem nútímafólki kunna að finnast ótrúlegir. Foreldrar höfðu gift sig 1903 og var Sæmundur þá titlaður tómt húsaður þótt hann hafi lært steinsmíði og múrverk. Á þessum tíma var oft lítið að gera fyrir byggingamenn, einkum að vetrinum. Þótt hann hafi komið að ýmsum byggingum varð hann gjaldþrota. Hann fór á vertíð til Vestmannaeyja veturinn 1915. Á meðan hann var í Vestmannaeyjum ráðstafaði Guðlaug börnum þeirra, þar á meðal Ágústi Óskari á sveit sína. Þau voru flutt hreppaflutningum austur á Eyrarbakka á vordögum 1915. Þar voru þau boðin upp eins og algengt var á þeirri tíð þegar foreldrar gátu ekki séð fyrir börnum sínum. Lægstbjóðandi eða sá sem taldi sig þurfa minnstar greiðslur fyrir að taka börnin að sér fékk þau síðan til varðveislu fram að fermingaraldrinum þar sem þau voru gjarnan notuð til ýmissa verka á sveitabæjum. Þetta var ótrúleg harka gagnvart börnum en Ágúst hefur trúlega verið heppinn miðað við aðstæður vegna þess að hann fór til Þórðar Gíslasonar og Guðrúnar Gunnarsdóttur sem bjuggu að Hæringsstaðahjáleigu í Stokkseyrarhreppi. Ágúst yfirgaf æskuheimili sitt að fermingu lokinni og mun hafa verið komin til sjós 16 ára gamall. Fyrst á vertíð á Þórkötlustöðum í Grindavík, síðar

á síldveiðar en lengst af var hann á kaupskipum. Hann var á skipum Eimskipafélags Íslands og um tíma var hann á norsku skipi sem sigldi milli hafna á Miðjarðarhafi. Honum líkað vistin illa en gat ekki afskráð sig því afskráning varð að fara fram í heimahöfn skipsins. Hann strauk af skipinu í Marseille í Frakklandi þar sem hann dvaldi um tíma og svaf undir berum himni. Hann var handtekinn, gefin kostur á að fara í útflendingaherdeildina en var á endanum sendur með gripalest til Danmerkur því ekki voru til peningar fyrir fargjaldi á farþegarymi. Eftir heimkomuna á fjórða áratugnum fór hann að læra rafvirkjun hjá Johan Rönning. Hann tók burtfararpróf frá Iðnskólanum í Reykjavík 1936 þá 25 ára gamall, sveinspróf í rafvirkjun 1937 og fékk síðan meistarárbréf í rafvirkjun og löggildingu sem rafvirkjameistari í desember 1942.

### Skipti aldrei skapi

Í niðurlagi ágripsins minnst Daði móður sinnar með þessum orðum. „Móðir okkar var á margan hátt mjög einstök manneskja. Aldrei man ég eftir því að hún skipti skapi alltaf glöð og einstaklega jákvæð, alltaf tilbúin til að gleðjast þegar öðrum gekk vel. Ekki minnst ég þess að hún talaði nokkur tíman illa um fólk. Hún eignast sjö mannvænleg og heilbrigð börn. Vann samhlíða því við verslunarstörf í 27 ár, dugnaðurinn og krafturinn var með eindæmum. Lífið hjá henni hafði ekki alltaf verið dans á rósum. Hún hafði mikinn metnað fyrir því að börnin gengu menntavegin og hafa öll systkinin lokið mismunandi námi. Hún varð þeirrar gæfu njótandi að eignast 16 barnabörn og 18 langömmubörn sem öll eru hraust. Heilsa hennar var lengst af mjög góð þar til elli kerling fór að banka uppá þegar hún var 90 ára 2012. Minnið var þó ótrúlega gott og góða skapið á sínum stað allt að lífslokum.“

Opið virka daga 9 - 18 og helgar 10 - 18.  
Eiðistorgi 15  
facebook.com/arnaisogkaffi

## FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

### HEFÐBUNDINNI VETRARDAGSKRÁ LOKIÐ

Síðustu dagar í maí og nú fyrstu dagarnir í júní hafa verið viðburðaríkir í félagsstarfinu. Hefðbundnu starfi vetrarins lauk með handverkssýningu síðustu helgina í maí. Sýningin var glæsileg að vanda og mjög vel sótt.

Sönghópurinn sem mætt hefur sér til ánægju og gleði alla föstudaga á Skólabrautina í vetur söng lokalög vetrarins undir stjórn og undirleik Bjarna Hreinssonar í kirkjunni á síðustu þriðjudagssamverunni í vetur þann 31. maí. Hópurinn söng þrjú lög við mjög góðar undirtektir og var klappaður upp í lokin. Frábær hópur. Anna Valdimarsdóttir fjallaði um lífið og tilveruna og las upp úr bók sinni.

Sameiginleg ferð félagsstarfsins og kirkjunnar var farin á Hvítasunnudag. Ferðinni var heitið í Strandarkirkju og svo í kaffi og með því í safnaðarheimili Hveragerðiskirkju. 40 manns komu með í ferðina sem var mjög vel heppnuð.

### LANGJÖKULL OG FJÖLBREYTT SUMARDAGSKRÁ

Næsti viðburður er sumarferðin á Langjökul sem farin verður fimmtudaginn 16. júlí. 25 manns hafa þegar skráð sig í ferðina sem án efa verður ævintýri.

Sumardagskrá félagsstarfsins hefur verið borin út til 67 ára og eldri, og vonandi hefur hún skilað sér til allra. Þar er fjölbreytt dagskrá í boði alla virka daga. Boðið verur upp á ferðir, göngur, spil og bingó, leikfimi og ýmislegt fleira skemmtilegt. Fyrsta göngu/kaffihúsaferðin verður í Hellisgerði í Hafnarfirði þriðjudaginn 21. júní. Hvetjum ykkur til að kynna ykkur dagskrána. Forstöðumaður sumarstarfsins í sumar er Alexandra Dóra og með henni verða þrjú ungar stúlkur úr Valhúsaskóla þær Karolína, Júlíana og Jóna.

Síminn í félagsaðstöðunni á Skólabraut er 5959147 og sími hjá Alexöndru er 6626633 og netfangið er alexandra.dora.saemundsdottir@gmail.com.

Hlökkum til að sjá ykkur... Gleðilegt sumar.

Myndin er af sönghópnum sem söng í kirkjunni 31. maí sl.



## BÓKAÐ MÁL

### Blöðrur



Ég geng annars hugar inn um dyrnar og furða mig á óvæntri litadýrdinni.

Við mér blasa ótal helinblöðrur sem hálfylla verslunina svo loftið er fullt af sætri plastlykt og daufu braki í blöðrum sem nuddast saman. Köngulóarmaðurinn, Svampur Sveinsson, Hvolpasveitin og fjöldi annarra persóna og fyrirbæra sem ég kann ekki að nefna stara á móti mér með glansandi plastaugum. Það fer ekki á milli mála að 17. júní er á næsta leiti.

Lýðveldisdagurinn 17. júní er auðvitað fæðingardagur Jóns Sigurðssonar og hans hafði áður verið minnst opinberlega með ýmsum hætti á þessum degi allt frá árinu 1907. Það var þó ekki fyrir en dagurinn var valinn stofndagur Lýðveldisins Íslands árið 1944 að hann varð að hátíð í líkingu við þá sem við þekkjum í dag. Skiptar skoðanir voru um hvort þetta væri rétti dagurinn og þótti mörgum fullveldisdagurinn 1. desember meira við hæfi. Júní varð þó fyrir valinu, ekki síst vegna þess að ekki þótti spennandi að standa fyrir útihátíðum og fögnuði um hávetur.

Árið 1947 kom Fjallkonan fyrst fram og hélt ávarp á 17. júní en sá siður er líklega kominn frá Vestur-Íslendingum sem fyrst tefldu fram skryðdri Fjallkonu á Íslendingadegi í Winnipeg árið 1924. Hugmyndin að Fjallkonunni er komin úr rómantíkinni um aldamótin 1800 en þá var mjög í tísku að setja lönd og þjóðir í konulíki. Orðið Fjallkona kom fyrst fram á prenti í frægu kvæði eftir Bjarna Thorarensen árið 1819:

*Eldgamla Ísafold,  
ástkæra fósturmold,  
Fjallkonan fríð!*

Í dag er sautjándinn alþýðleg barna- og fjölskylduhátíð sem einkennist af pylsuáti, hoppuköstulum og klístruðum kandýflossputtum fremur en stífum föðurlandsástarjátningum og formlegheitum. Það er auðvitað ekkert að því, en samt er hollt að rifja upp hverju við erum í raun og veru að fagna þegar við marserum í skrudgöngu undir vökulum augum Köngulóarmannsins og Hvolpasveitarinnar áður en *gáttir opnast himins og allir fara heim*, eins og segir í laginu með Dúmbó og Steina.

*Hæ hó jibbije og jibbije ...*

Gleðilega hátíð!

TRYGGVISTEINN STURLUSON

Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarness

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



www.utforin.is ♦ Auðbrekku 1, Kópavogi



Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is ♦ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

## FALLEGIR LEGSTEINAR

**ERUM FLUTT**

Eyrartröð 16  
220 Hafnarfirði

Opið 11-16  
alla virka daga



Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði  
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

# Eintal eða samtal – hugleiðingar um niðurstöður kosninga

Niðurstöður sveitastjórnarkosninganna 2022 liggja fyrir en Sjálfstæðisflokkurinn vann sigur hér á Seltjarnarnesi með 50,1% gildra atkvæða. Á sama tíma fékk Samfylkingin og óháðir 40,8% gildra atkvæða og nær tvöfaldaði fylgi sitt milli kosninga. Er Samfylkingin hér á Nesinu ásamt óháðum þar með stærsta Samfylkingin á landsvísi. Framtíðin fékk 9,1% gildra atkvæða og hefði hún þurft tæplega 4% fleiri atkvæði til að fá kjörinn fulltrúa eða samtals tæplega 13% atkvæða. Öll atkvæði þeirra 224 einstaklinga sem lögðu leið sína á kjörstað til stuðnings Framtíðinni og þeirra hugsjónum féllu því dauð. Það eitt er skoðunar virði.

## Innbyggð mismunun

Á Íslandi hefur d'Hondt reiknireglan verið beitt til útreikninga á niðurstöðum kosninga í hartnær heila öld. d'Hondt reglan er ekki hlutlaus, hún hefur þann megin galla að hygla stærri framboðum á kostnað þeirra sem minni eru. Hallinn sem hún skapar verður sérstaklega mikill þegar þegar kosið er um færri fulltrúa en fleiri, svo sem til sveitastjórnar.

Til eru fleiri reiknireglur svo sem Webster, Jefferson, Schepers, Hamilton og St. Laguë en sami atkvæðafjöldi gefur mismunandi niðurstöðu eftir því hvaða regla er notuð. Sú reikniregla sem jafnar hvað mest út þá innbyggðu kerfismismunun sem d'Hondt reglan skapar, er St. Laguë reglan. Er henni meðal annars beitt í Skandínavía og mörgum öðrum löndum sem við viljum gjarnan bera okkur saman við. Þá hefur Evrópuþingið mælt með notkun hennar fram yfir aðrar, vegna þess að hún felur í sér minnstu mögulegu mismununina.

D'Hondt reglan virkar þannig að deilt er í fjölda atkvæða sem hvert framboð fær með 1, 2, 3 þar til fjöldi þeirra nær til fjölda sæta sem úthluta á. St. Laguë reglan virkar hinsvegar þannig að deilt er í fjölda atkvæða með 1, 3, 5 og þannig áfram með oddatölum þar til fjöldi þeirra nær til fjölda sæta sem úthluta á. En hvaða áhrif hafa þessar reiknireglur?

## Tímarnir hefðu getað verið tvennir

Þegar reglunum er beitt á niðurstöður kosninganna árið 2022 kemur í ljós að d'Hondt reiknireglan færir Sjálfstæðisflokknum aðra fulltrúatölu en hlutfall atkvæða flokkanna segir til um. Sjálfstæðisflokkurinn fær 4 kjörna fulltrúa, Samfylking og óháðir 3 fulltrúa og Framtíðin engan. Hefði St. Laguë

reglunni verið beitt, hefði Sjálfstæðisflokkurinn fengið 3 fulltrúa, Samfylkingin og óháðir 3 fulltrúa og Framtíðin 1 fulltrúa. Meirihlutinn hefði fallið og tveggja flokka stjórn hefði tekið við.

Samanburðurinn verður enn áhugaverðari ef lítið er til kosninganna 2018. Þá fékk Sjálfstæðisflokkurinn 4 kjörna fulltrúa, Samfylkingin 2 fulltrúa, Neslistinn/Viðreisn 1 fulltrúa, og Fyrir Seltjarnarnes, listi Skapta Harðarsonar, 0 fulltrúa. Hefði St. Laguë reglunni verið beitt, hefði Sjálfstæðisflokkurinn fengið 3 fulltrúa kjörna, Samfylkingin 2 fulltrúa, Neslistinn/Viðreisn 1 fulltrúa og Fyrir Seltjarnarnes 1 fulltrúa. Aftur hefði meirihlutinn fallið og tveggja flokka stjórn, hefði tekið við.

D'Hondt reglan hyglir stóru flokkunum enn frekar ef heildarfjöldi fulltrúa eru færri en fleiri. Væri fjöldi kjörinna fulltrúa til setu í sveitastjórn á Nesinu samtals 9 en ekki 7 þá hefði meirihlutinn fallið árið 2018 þrátt fyrir að d'Hondt reiknireglunni hefði verið beitt. Sjálfstæðisflokkurinn hefði fengið 3 kjörna fulltrúa, Samfylkingin 2 fulltrúa, Neslistinn/Viðreisn 1 fulltrúa og Fyrir Seltjarnarnes 1 fulltrúa.

## Því fleiri því betra

Samkvæmt gildandi lögum skal fjöldi fulltrúa í stjórn sveitarfélaga með íbúafjölda á bilinu 2.000–9.999, vera 7–11. Ef við berum saman fjölda kjörinna fulltrúa hér á Nesinu við önnur sveitarfélög með svipaðan íbúafjölda má sjá að bærinn sker sig úr. Suðurnesjabær, Borgarbyggð, Ísafjörður og Skagafjörður, með íbúafjölda á bilinu 3.648–4.084 manns, kjósa 9 fulltrúa í sínar sveitastjórnir. Seltjarnarnesbær og Vestmannaeyjar, með íbúafjölda á bilinu 4.352–4.710 kjósa einungis 7 fulltrúa. Þá sitja 11 kjörnir fulltrúar í sveitastjórn Múlaþings.

Fjöldi íbúa og kjörinna fulltrúa per sveitarfélag þann 1.1.2021.

Suðurnesjabær	3.648	9
Borgarbyggð	3.751	9
Ísafjörður	3.795	9
Skagafjörður	4.084	9
Vestmannaeyjar	4.352	7
Seltjarnarnes	4.710	7
Múlaþing	5.018	11

Lágmarksfjöldi kjörinna fulltrúa á Seltjarnarnesi er því meðvitað val. Hægt er að beita þeim rökum að aukinn kostnaður fylgi fjölgun bæjarfulltrúa. Það eru réttmæt rök, en þó heldur aum. Sveitarstjórnnum ber skylda að tryggja virkt lýðræði með kerfislægri útfærslu sem er sanngjörn og gagnsæ og endurspeglar samfélagið. Virkt lýðræði kostar, og kostnaðurinn við fjölgun fulltrúa, aðeins örliðið brotbrott af heildarútgjöldum bæjarfélagsins. Ávinningurinn er hinsvegar lýðræðislegt samtal sem grundvöllur ákvarðanatöku sem þá aftur endurspeglar hagsmuni breiðari hóps íbúa. Eintalinu væri lokið og samtalið hafið.

## Völd í skjóli lýðræðishalla

Sem stærsti flokkurinn er skiljanlegt að Sjálfstæðisflokkurinn vilji ekki hverfa frá d'Hondt reiknireglunni, eða fjölga bæjarfulltrúum, því afleiðingarnar væru ljósar, flokkurinn væri líklegast til ekki lengur við völd, eða sæti ekki einn að þeim. En eru íbúar bæjarins sáttrir við þessa mismunun? Eru kjósendur Sjálfstæðisflokksins sáttrir við hana? Raunverulega sáttrir?

Þetta er ekki bara lýðræðisleg spurning, heldur einnig siðferðisleg spurning, og í raun einnig samvisku spurning sem bæði kjörnir fulltrúar og kjósendur þurfa að spyrja sjálfan sig að. Ákvörðunin um breytingu er hinsvegar pólitísk og er í höndum þeirra sem fara með valdið hverju sinni. Okkar hinna, er að stíga óhikað inn á völinn og skora núverandi stöðu á hölm!

Karen María Jónsdóttir  
4. sætið á lista Samfylkingar og óháðra  
Fyrsti varabæjarfulltrúi



Karen María Jónsdóttir.



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



## Gunnar þjálfar kvennaliðið



Á myndinni eru Gunnar Gunnarsson og Arnkell Bergmann Arnkelsson varaformaður handknattleiksdeildar að skrifa undir samninginn. Mynd: Eyjólfur Garðarsson

**Gunnar Gunnarsson hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna í handbolta til næstu þriggja ára. Gunnar þarf vart að kynna fyrir Gróttufólki og hvað þá handboltaáhugafólki enda margreyndur þjálfari og landsliðsmaður þar á undan.**

Gunnar þekkir vel til á Nesinu en hann þjálfaði kvennalið félagsins árin 1998-2000 og aftur 2001-2002. Árið 2000 stýrði hann liðinu alla leið í bikarúrslit og í úrslitaeinvígið um Íslandsmeistaratitilinn. Tveimur árum síðar fór liðið aftur í bikarúrslit undir stjórn Gunna.

Undanfarin tvö tímabil hefur Gunni þjálfað kvennalið Hauka og náð frábærum árangri með liðið. Áður þjálfaði hann karlalið Víkings og Selfoss en hann hefur einnig þjálfað Elverum og Drammen í Noregi.

Það ríkir mikil ánægja með að Gunnar sé kominn á Nesid enda frábær þjálfari með mikla reynslu. Kára Garðarssyni sem hefur þjálfað liðið undanfarin tvö tímabilin er þakkað mikið og gott starf.

## Róbert þjálfar karlaliðið

Þjálfarateymi meistaraflokks karla Arnar Daði Arnarsson og Maksim Akbackev hafa óskað eftir að láta af störfum sem þjálfarar karlaliðs Gróttu í handbolta og hefur stjórn Handknattleiksdeildar Gróttu samþykkt uppsögnina.

Á sama tíma hefur Róbert Gunnarsson verið ráðinn þjálfari meistaraflokks karla í Gróttu. Róbert þekja allir sem hafa fylgst með handbolta undanfarin ár en hann lék með íslenska landsliðinu til margra ára, frá 2001 til 2016. Róbert vann silfur á Ólympíuleikunum í Peking 2008 og brons á EM í Austurríki 2010 með landsliðinu. Hann lék meðal annars með Gummersbach, Rhein Neckar Löwen og PSG á farsælum atvinnumannaferli.

Róbert er fæddur árið 1980 og flutti á Seltjarnarnes síðastliðið sumar eftir að hafa þjálfað 19 ára lið Árhús, þjálfað í ungliðaakademíu liðsins og verið í þjálfarateymi aðalliðs Árhús. Hann er núverandi landsliðsþjálfari U21 árs landsliðsins. Davíð Örn Hlöðversson hefur verið ráðinn aðstoðarþjálfari liðsins.

Davíð Hlöðvers þekja allir sem hafa komið nálægt handbolta á Nesinu undanfarin ár. Núna í vetur þjálfari Davíð 5. og 3.flokks kvenna ásamt því að vera aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna.

Arnari Daða og Maksim er þakkað mikið og óeigingjarnt starf í þágu Gróttu undanfarin ár en Arnar Daði kom til félagsins sumarið 2019 og stýrði meistaraflokki í þrjú ár. Maksim kom til Gróttu vorið 2020 og hefur verið aðstoðarþjálfari karlaliðsins síðan þá. Saman hafa þeir náð eftirtektarverðum árangri með Gróttuliðið síðustu tímabil en hársbreidd vantaði að liðið kæmist í úrslitakeppnina í vor.



Róbert Gunnarsson nýráðinn þjálfari meistaraflokks karla í handbolta hjá Gróttu.

## Knattspyrnskóli Gróttu



### fyrir börn fædd 2012-2016

Hvert námskeið er ein vika frá 9-12 en boðið er upp á viðveru frá kl. 8. Skráning fer fram á [sportabler.com/shop/grotta](http://sportabler.com/shop/grotta)

Námskeið 1: 9.-16. júní. Verð: 6.000 kr.

Námskeið 2: 20. júní-1. júlí. Verð: 12.000 kr.

Námskeið 3: 4.-15. júlí. Verð: 12.000 kr.

Námskeið 4: 18.-29. júlí. Verð: 12.000 kr.

Hægt að kaupa 1/2 námskeið á hálfvirdi.

VIVALDI



## Sex fulltrúar frá Gróttu

Helgina 20. – 22.mai síðastliðinn fór fram Handboltaskóli HSÍ var það í 27. sinn sem skólinn var haldinn. Um er að ræða fyrsta stig landsliða HSÍ og voru sex fulltrúa valdir frá Gróttu.

Frá Gróttu voru valin: Aþena Míst Guðmundsdóttir, Edda Sigurðardóttir, Katrín Arna Andradóttir, Svandís Birgisdóttir, Birgir Davíðsson Scheving og Kristjón Þórðarson.

## Forskráning fyrir fimleika veturinn 2022-2023

Dagana 1. júní til 30. júní fer fram forskráning í fimleikadeild Gróttu fyrir veturinn 2022-2023. Athugið að ekki er forskráning í stubbafimi en skráningin fyrir stubbafimna hefst 1. júlí.

Greitt er 10.000 kr skráningargjald með kreditkortu við skráningu. Skráningargjaldið er óafturkræft en dregst frá æfingagjöldum næsta vetur. Komi upp sú staða að fimleikadeildin þurfi að neita umsækjendum um pláss er möguleiki á að óska eftir að fá skráningargjaldið endurgreitt.

Athugið að biðlistinn fellur nú úr gildi og allir sem vilja komast að næsta vetur þurfa að forskrá sig.

Skráning fer fram í gegnum: [sportabler.com/shop/grotta/fimleikar](http://sportabler.com/shop/grotta/fimleikar) Eftir að forskráningu lýkur verður hægt að skrá á biðlista.

# Arnar Þór og Kristófer Orri komnir í 100 leikja klúbb Gróttu

Gróttumenn tóku á móti HK í þriðju umferð Lengjudeildar karla þann 19. maí sl. kvöld á Vivaldivellinum. Áður en leikurinn var flautaður á veitti Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarness, þeim Arnari Þór Helgasyni og Kristófer Orra Péturssyni blómvendi í tilefni þess að þeir hafa spilað 100 leiki fyrir Gróttu.

Arnar Þór var að spila sinn 106. leik fyrir Gróttu og Kristófer Orri þann 100. Gróttumenn sóttu sér þrjú stig í leiknum en leikurinn fór 2-0 fyrir Gróttumönnum. Knattspyrnudeild Gróttu fagnar því að þeir Arnar og Kristófer hafi náð þessum merka áfanga fyrir félagið. Megi þeir spila sem lengst!



## Heimaleikjakort

Fótboltasumarið hefur farið vel af stað hjá Gróttu liðum. Þegar þetta er skrifað eru strákarnir í fjórða sæti með 10 stig eftir 5 leiki og stelpurnar tróna á toppnum með fullt hús stiga eftir 3 leiki.

Heimaleikjakort knattspyrnudeildar Gróttu eru komin í sölu. Við hvetjum alla stuðningsmenn til að næla sér í kort á kostakjörum. Handhafar heimaleikjakorta njóta forgangs á Vivaldi völlum. Sala heimaleikjakorta fer fram í vefverslun [grotta.is/knattspyrnudeild/heimaleikjakort](http://grotta.is/knattspyrnudeild/heimaleikjakort)

## KNATTSPYRNUAKADEMÍA

### GRÓTTU FYRIR KRAKKA Í 4. OG 5. FLOKKI

Knattspyrnudeild Gróttu  
býður uppá afreksæfingar  
fyrir leikmenn á aldrinum

2008-2011

Æfingatímar:  
Fimmtudaga  
og föstudaga  
frá 10 til 11



Þrjú námskeið:  
10. og 16. júní  
23. og 24. júní  
30. júní og 1.  
júli

Skráning á Sportablar!



## GLEÐILEGAR SUMARSÓLSTÖÐUR

### Ertu á leið í jógakennararnám?

Fáðu 15% afslátt af pakkanum sem við mælum með.

Jógadýna, kubbar, strappi og bolti eru magnaðir ferðafélagar.



Afgreiðslutími:  
Mán: 10-16  
Þri-fös: 10-17  
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK  
[systrasamlagid.is](http://systrasamlagid.is)  
[@systrasamlagid](mailto:@systrasamlagid)  
Sími: 511 6367




Bókasafn  
Seltjarnarness



# SUMAR 2022 Á BÓKASAFNI SELTJARNARNESS

## GALLERÍ GRÓTTA - SÝNING

Margrét Jónsdóttir sýnir verk sín í Gallerí Gróttu á sýningunni **Óbærilegur léttleiki tilverunnar!** Sýningin stendur til 19. ágúst.



## SUMARLESTUR OG FÖSTUDAGSHAPPRÆTTI

Komdu á bókasafnið og skráðu þig í **Sumarlestur** sem stendur yfir til 2. september. Verðlaun og viðurkenningar á uppskeruhátíð í haust. **Föstudagshappdrætti** - Dregið alla föstudaga. Nokkrir heppnir lesendur fá verðlaun í hvert sinn.

## BLÓMABÝTTI

Áttu aflögu eða vantar þig afleggjara, græðlinga, matjurtir, kryddjurtir? Blómabýtti í allt sumar á safninu.

## VIÐ PERLUM

22. júní, 20. júlí og 17. ágúst kl. 15-17  
Sæunn barnabókavörður býður börnum og fjölskyldum þeirra í skemmtilegt perluföndur.



## SUMARGETRAUNIR

Í allt sumar

Fylgstu með á Facebook og Instagram.

## PERSÓNULEIKAHJÓLIÐ

Í allt sumar!

Hvaða teiknimyndasögupersóna ert þú?



## TEIKNIBORÐIÐ

Alla þriðjudaga  
Við teiknum og litum.

## SPILABORÐIÐ

Alla fimmtudaga  
Borðspil – Skák - Púsl



## FURÐUFATAKISTAN

Alla föstudaga  
Dressaðu þig upp á föstudegi



Opnunartími: Mán. - fim. 10-18.30 og fös. 10-17.

Lokað á laugardögum í sumar (júní, júlí, ágúst)

Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is Bókasafn Seltjarnarness



**Bókasafn  
Seltjarnarness**